

Nr. 52/1887.

Arnljótur Ólafsson  
 gegn  
 Jóni Hallssyni.

## Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Arnljótur prestur Ólafsson, gegn hinum stefnda, Jóni prófasti Hallssyni, fyrir gestarjetti Skagafjardarsýslu, og gjörði þær dómkröfur í hjerði, að sú hálfenda Hofstaðasels, er H. Vilhelm Pálsson seldi prófasti Jóni Hallssyni með jarðaskiptabrjefi 11. maímán. 1881, verði dæmd eign hans, áfrýjanda; að honum verði dæmd landskuld af tjeðri hálfendu frá stefnubirtingardegi málsins, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað. Hinn stefndi krafðist þess aptur á móti fyrir gestarjettinum, að málinu yrði frá vísað, eða að öðrum kosti að hann yrði sýknaður, og að sækjandi yrði dæmdur til að greiða málskostnað og sekt fyrir þarf-lausa málsýfingu. Málinu var ráðið til lykta með gestarjettardómi Skagafjardarsýslu, uppkveðnum 17. nóv. 1886 af hlutaðeigandi sýslumanni með tilkvöðum meðdómsmönnum, og urðu úrslitin þau, að hinn stefndi var dæmdur sýkn af kröfum áfrýjanda, nokkur ummæli í sóknarskjölunum voru dæmd ómerk, og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur Arnljótur prestur Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 30. sept. f. á., og hefur fyrir yfirdóminum gjört hinar sömu rjettarkröfur, eins og í hjerði. Aptur eru það kröfur hins stefnda, að hann verði sýkn dæmdur í málinu, að orð þau, sem tilgreind eru í gestarjettardóminum, verði dæmd ómerk, að sækjandi verði sektaður fyrir

óþarfa málsýfingu, og dæmdur til að greiða málskostnað með að minnsta kosti 100 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Aðal-sóknargagn áfrýjanda í máli þessu er skjál eitt, út gefið 22. maímán. 1882 af Jóni Benediktssyni með fjárhaldsmanni hans, Jóni Þorfinnssyni, þess efnis, að hann selji og afhendi sækjanda í máli þessu allt það rjettartilkall, er hann kunni að hafa til jarðarinnar Hofstaðasels eða nokkurs hluta hennar, og er um afhendingu þessa farið nokkrum fleiri orðum í tjeðu skjali. Öll önnur sóknargögn í málinu miða til þess, að styrkja og sanna lögmæti ný-nefnds afhendingarskjals, og sjer í lagi til þess, að sanna heimild Jóns Benediktssonar til þess að gefa það út. Á hinn bóginn er það aðal-varnarástæða hins stefnda, að sök þessari hafi áður verið ráðið til lykta með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, upp kveðnum 25. maímán. 1883, og standi hann enn óhaggður, enda er það ekki ágreiningsmál, að hlutaðeigendur hafi unað við nefndan dóm. Í máli því, sem ráðið var til lyktá með nýnefndum aukarjettardómi, var áfrýjandi máls þessa, sra Arnljótur Ólafsson, sækjandi fyrir hönd Jóns Benediktssonar, sem áður er nefndur, en verjandi var H. Vilhelm Pálsson á Ríp. Kröfur sækjanda voru í þessu máli, að sú hálfenda Hofstaðasels, er eigi var seld með afsalsbrjefi 27. ágústmán. 1880, yrði dæmd eign Jóns Benediktssonar, að afhending tjeðrar hálfendu með afsalsbrjefi 11. maímán. 1881 verði dæmd vanheimil og ólögmæt, að Jóni Benediktssyni verði dæmt allt eptirgjald af tjeðri hálfendu frá sáttafundardegi, svo og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað; auk þessa

gjörði sækjandi nokkrar varakröfur. Aftur á móti krafðist verjandi máls þessa frávísunar á því eða sýknudóms, svo og málskostnaðar. Málið var dæmt í aukarjetti Skagafjarðarsýslu hinn 25. maímán. 1883, eins og áður er um getið, þannig að varnaraðili H. Vilhelm Pálsson skyldi vera sýkn af kröfum sækjanda, og verður að skilja dóm þennan í heild hans svo, að nefndur H. Vilhelm Pálsson hafi þá gagnvart sækjanda verið talinn löglegur eigandi hinnar umþrættu hálfendu Hofstaðasels. Þessa jarðarháflendu seldi H. Vilhelm Pálsson hinum stefnda, prófasti Jóni Hallssyni, með afsalsbrjefi 11. maímán. 1881, og er því enginn vafi á því, að nú er enn verið að deila um eignarrjettinn yfir hinni sömu háflendu Hofstaðasels, er um var dæmt með ádurnefndum aukarjettardómi, enda er þetta og full-ljóst, þegar athugaðar eru rjettarkröfur sækendanna í hvorutveggja málinu, því sem nú er undir dómi, og hinu sem dæmt var í aukarjetti Skagafjarðarsýslu 25. maímán. 1883. Dómi þessum hefur eigi verið áfrýjað, og er eigi vafasamt, að hann veitir stefnda í máli þessu sama rjett, eins og hann veitti H. Vilhelm Pálssyni, er seldi stefnda eignina  $\frac{1}{2}$  Hofstaðasel. Á hinn bóginn er það full-augljóst, að áfrýjandinn getur eigi í þessu máli gjört annað eða fyllra eða frekara rjettartilkall til nýnefnds jarðarparts, en Jón Benediktsson, því að engan frekari rjett gat Jón selt eða afhent honum með áður áminnztu afsals- eða samnings-skjali frá 22. maímán. 1882, og eins og því aukarjettardómurinn 25. maímán. 1883 er löglega skuldbindandi fyrir Jón Benediktsson, þannig álízt hann og að vera það fyrir áfrýjanda máls þessa. Eptir þess-

um málavöxtum er það álit yfirdómsins, að gestarjetturinn hafi átt að frá vísa málinu samkvæmt aðalrjettarkröfu hins stefnda, og verður því nú eigi hjá því komið, að dæma tjeðan gestarjettardóm ómerkjan, og að vísa málinu frá undirrjettinum. Þá er og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda 50 kr. í málskostnað. Það þykir engin ástæða til þess, að dæma ómerk þau ummæli áfrýjanda, sem um getur í gestarjettardómnum, og eigi virðist heldur eptir atvikum málsins nægileg ástæða til að sekta hann fyrir óþarfa málsýfingu.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirjettarins á að vera ómerkjan og vísast málinu frá gestarjettinum. Sem málskostnað greiði áfrýjandi, Arnljótur Ólafsson, hinum stefnda, Jóni Hallssyni, 50 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maímán.

Nr. 16/1888.

Rjettvísan  
gegn  
Jóni Jónssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Norðurmúlasýslu, gengnum 21. dag marzmán. 1887, var hinn ákærði Jón Jónsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 2. sinn, til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, og til að greiða